

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd Alþingis

Reykjavík 6. júní 2007

Efni: Umsögn um lagafrumvarp, um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, 1. mál.


Bandalag háskólamanna og gerir ekki athugasemd við breytingar á ráðuneytum eða að Hagstofu Íslands verði breytt úr ráðuneyti í sjálfstæða stofnun.

BHM leggjast hins vegar á mótí því að auglýsingaskylda starfa verði afnumin innan Stjórnarráðs Íslands. Grunnhugsun bak við auglýsingaskyldu opinberra starfa er að tryggja að hæfasti starfsmaður sé ráðinn í hverju tilfalli. Jafnframt að gagnsæi sé tryggt við ráðningu opinberra starfsmanna. Í meðhöndlun almannaþjóf, svo sem við ráðningar starfsmanna, eru miklar skyldur lagðar á stjórnendur og ekki einungis þarf að tryggja að því sé vel ráðstafað heldur má enginn vafi leika á að svo sé.

Bandalagið styður á allan hátt hreyfanleika starfsmanna innan opinberra vinnumarkaðarins og styður að þeim sé auðveldað að afla sér nýrrar reynslu, veita af sinni reynslu og öðlast ný tengsl. Má í því sambandi benda á það að starfsmenn geta fengið leyfi frá störfum til að vinna við erlendar stofnanir og að til eru reglur um skiptidvöl norrænna ríkisstarfsmanna. Einnig er nú í gangi tilraun með tímabundin vistaskipti starfsmanna með þátttöku fjögurra ráðuneyta og undirstofnana þeirra.

Með hliðsjón af framangreindu varar BHM við því að afnema auglýsingaskyldu innan Stjórnarráðs Íslands og bendir á að engin rök hafa verið færð fyrir því hver sérstaða Stjórnarráðsins sé í þessu tilliti og óttast að þetta sé fyrsta skrefið til að afnema auglýsingaskyldu starfa hjá hinu opinbera.

Virðingarfyllt,



Stefán Aðalsteinsson,
frankvæmdastjóri BHM.